

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðalsvartíma fyrirspurna í borgarráði 2017 og fyrri hluta árs 2018

Á fundi borgarráðs þann 28. júní 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:


Hver er meðalsvartími fyrirspurna í borgarráði fyrir árið 2017 og frá áramótum 2018 til júlímánaðar sama árs?

Svar:

Meðalsvartími fyrirspurna sem lagðar voru fram á árinu 2017 og til 1. júlí 2018 er 61,2 dagar. Þar af er meðalsvartími þeirra fyrirspurna sem lagðar voru fram árið 2017 66,7 dagar og meðal svartími þeirra fyrirspurn sem lagðar voru fram frá áramótum 2018 til júlímánaðar sama árs 40,6 dagar.

Inn í þessum tölum eru ekki þær fyrirspurnir sem svarað er á fundi borgarráðs þann 5. júlí 2018, en með tilliti til þeirra er meðalsvartími tímabilið 60,2 dagar. Sé leiðrétt fyrir útlaga er meðalsvartími 57 dagar.

Hér má sjá dreifingu svartíma:



Innan sviga er bil í dagafjölda og súlurnar sýna fjölda fyrirspurna á því bili

Eins og sjá má er jákvæð skekkja á dreifingunni, miðgildið er 49 dagar og tíðasta gildið er 28 dagar. $\sigma=47,7$.

Bjarni Þóroddsson
f.h. skrifstofu borgarstjórnar